

# Knattspyrnudeild UMFG

Ársreikningur 2021



Knattspyrnudeild UMFG  
Austurvegi 3  
240 Grindavík  
kt. 581090-2349

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	2
Skýrsla stjórnar .....	3
Skýrsla unglíngaráðs .....	6
Rekstrarreikningur .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Eigið fé og skuldir .....	10
Sjóðstreymi .....	11
Skýringar 1-5 .....	12
Sundurliðanir 6 .....	14
Sundurliðanir 7 .....	15
Leikmannaskrá .....	16

## Áritun óháðs endurskoðanda

---

### Til stjórnar Knattspyrnudeildar UMFG

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2021 fyrir Knattspyrnudeild UMFG byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga.

Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Garðabæ, 24. febrúar 2022

---

Löggiltur endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

---

Aðalstarfsemi félagsins er starfsemi íþróttafélaga

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

### *Rekstur ársins 2021*

Hagnaður varð af rekstri félagsins á rekstrarárinu að fjárhæð 1,3 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 22,6 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Fjöldi ársverka hjá félaginu voru 17 og launagreiðslur félagsins námu um 73,2 m.kr. á árinu

Fjöldi ársverka hjá félaginu á fyrra ári voru 17 og launagreiðslur félagsins námu um 74,6 m.kr. á árinu

### *Yfirlýsing stjórnar*

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2021, efnahag 31. desember 2021 og breytingu á eigin fé á árinu 2021 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar UMFG staðfesta hér með ársreiking félagsins fyrir árið 2021 með

Reykjavík, 24. febrúar 2022

Stjórn:

### Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar UMFG 2021

Grindavík 24.02.2021

Kæru félagar,

Árið 2021 liðið, ár sem var ekkert sérstakt fyrir okkur knattspyrnulega séð ásamt því að sjálft knattspyrnusambandið og A-landslið karla hrundi í álitum meðal almennings. Aukaþing var haldið í október s.l. þar sem bráðabirgðastjórn tók við fram að árlegu KSÍ þingi sem verður núna 26. febrúar í Hafnarfirði.

Það voru heljarinnar átök í fjölmiðlum þar sem samtökin Íslenskur Topp Fótboldi voru meðal annars aðili að með yfirlýsingu sinni eftir að Guðni Bergsson formaður KSÍ sagði sig frá störfum að ekki væri nóg gert og vildi að öll stjórnin myndi stíga frá ásamt framkvæmdastjóra sem var það sem gerðist í kjölfarið. Fundarboð ÍTF var með mjög skömmum fyrirvara og fundur haldinn á sunnudagskvöldi þar sem mikil taugaspenna var í gangi. E-r hluti fundarmanna tengdur fundinum í gegnum Teams og þeir sem sáu sér fært að mæta á fundarstaðinn voru saman komnir í Þróttarheimilinu. Niðurstaða tæplega 2ja klst fundar var að senda út áður nefnda yfirlýsingu um að framkvæmdastjóri og stjórn ættu að stíga til hliðar. Yfirlýsingin var senda út til aðildarfélaga kl 10:16 á mánudagsmorgni og höfðu menn til 11:50 þann morgun til að koma með athugasemdir. Án þess að aðildarfélögum er tilkynnt e-r breyting á yfirlýsingunni þá er bætt við yfirlýsinguna texta um að hluti stjórnar KSÍ hafi setið lengi og í ljósi stöðu sinnar beri þau ábyrgð á þeim málum sem til umfjöllunar hafi verið síðustu daga. Alls ekki góð vinnubrögð að óska eftir samþykki fyrir texta en breyta honum svo þegar hann er sendur til fjölmiðla. Annars finnst mér aldrei góð vinnubrögð að taka ákvarðanir sem þessar í svona flýti án þess að vera búnir að kryfja málið til mergjar og eftir að hyggja þá sá ég eftir að hafa ekki sagt neitt á móti þessu þó það hefði ekki skilað breyttri niðurstöðu.

Það eru töluverð völd í þessu félagi ÍTF, félagi efstu deilda karla og kvenna. Eftir að KSÍ þing hafnaði tillögu um breytt fyrirkomulag á efstu deild karla fyrir komandi tímabil þá fóru í gang hringingar ekki svo löngu eftir þing frá þáverandi formanni KSÍ sem tjáði okkur það, að það væri gríðarlegt hagsmunamál að koma þessu í gegn, mikið hagsmunamál fyrir íslenskan fótbolta. Það mátti lítið sem ekkert segja hvað stóð í þessum samningum vegna trúnaðar og fyrir hvern eða hverja var þetta svona mikið hagsmunamál? Það er erfitt að taka undir og styðja e-ð ef maður er ekki nægilega upplýstur hvað er verið að semja um þ.a. við vorum eitt þriggja félaga sem tókum ekki undir þetta á sínum tíma. KSÍ var hér áður með sjónvarpssamningana á sínum höndum en nú er ÍTF búin að taka það yfir. Jú það eru auknar tekjur að koma þarna inn í gegnum alla þessa samninga sem er frábært en sú fyrirsögn hjá fótbolta.net að „Heildartekjur íslenskra félaga innan ÍTF eru að aukast töluvert“, þá er það í raun bara liðin 12 í efstu deild karla sem fá þessa töluverðu tekjuaukningu. Það er óverulegt sem dettur inn á Lengjudeild karla og mig grunar að með þessari breytingu á efstu deild karla og þessum auknu tekjum sem fara að flæða þarna muni gera það að verkum að getumunur milli deilda mun aukast meira á næstu 5-7 árum. Það þýðir bara það að við verðum að fara að koma okkur þarna upp aftur og halda okkur þar svo við missum ekki af lestinni.

Nóg komið um sambandið og ÍTF, nú er komið að Grindavík. Árangur mfl. kvenna stóð uppúr s.l. sumar, þær enduðu í 6. sæti af 10 liðum eftir að hafa verið spá neðsta sætinu. Mfl. karla náði 7unda sætinu sem er lakasti árangur Grindavíkur í þrjá áratugi. Kristín Anítudóttir var valin best á glæsilegu lokahófi sem haldið var á 3ðju hæð Bryggjunar og Sigurður Bjartur Hallsson bestur hjá köllunum. Já ekki góður árangur eða hvað? Hvað er árangur þegar þú ert með 3.600 manna samfélag eins og Grindavík að berjast í næst efstu deild kvenna og karla og unglिंगastarf eins og okkar? Í dag erum við með 14 drengi á samning og 8 stelpur, öll uppalin í félaginu okkar. Þær voru 10 og þeir 15 en nýverið fór Kristín í HK, Unnur í Þór/KA og svo fór Siggi Halls í KR s.l. haust. Við erum með 9 starfandi þjálfara búsetta í Grindavík, flest með mjög fina þjálfaramenntun og mörg með langa reynslu. Einnig erum við með nokkra unga aðstoðarþjálfara með okkar reyndari þjálfurum og vonum við að það skili sér í framtíðarþjálfurum seinna meir. Við erum með á fjórða hundrad iðkenda þ.a. fjórði hver íbúi í Grindavík frá 5 ára til 30 ára stundar hér knattspyrnu. Mér finnst þetta vera nokkuð góður árangur og segir mér líka að við skiptum miklu máli hér í samfélaginu.

Hver einasta króna sem fer í framlag til íþrótt skilar sér margfalt til baka. Sænska knattspyrnusambandið segir á sinni heimasíðu að hver króna sem fer í íþróttastarf skili sér tífalt til baka til samfélagsins með einum eða öðrum hætti. Við vonum að sú bæjarstjórn sem verður kosin 14. maí n.k. sýni þessu skilning og fari í frekari framkvæmdir hér á svæðinu. Það er óhætt að segja að það sé löngu kominn tími á það. Einhver verður lofordalistinn og hvet ég ykkur sem unna knattspyrnunni til þess að spyrja frambjóðendur flokkana hvað þeir ætla að gera fyrir knattspyrnudeildina og hvenær þeir ætla að gera það. Fyrir mér snýst þetta um þjónustu við samfélagið og er tengibyggingin sem á að reisa við Hópið að mínu viti þjónustuhús fyrir börn, foreldra, eldri borgara, iðkendur, vallarstjóra, þjálfara og aðra gesti. Minnið frambjóðendur á það að íþróttabærinn Grindavík er enn að notast við fjöldan allan af gámum sem þjónustuhús, gámar sem eru bæði kaldir og leka. Að það þurfi meira en áratug til að sannfæra bæjarfulltrúa um ágæti þess að fara í þessi verkefni er óskiljanlegt með öllu.

Við vonum innilega að það verði breyting á, með nýrri bæjarstjórn, að fjármunir verði settir í framkvæmdir hér á svæðinu eins fljótt og auðið er.

Að lokum. Rún Pétursdóttir, mamma og amma okkar allra og heiðursfélagi lést nýverið. Við sendum fjölskyldu hennar samúðarkveðjur. Það verður breyting á stjórn, Jói Helga ætlar að draga sig út en vera okkur samt innan handar í meistaraflokksráði karla samt sem áður. Ég vil þakka öllu okkar fólki fyrir s.l. ár og vona ég að við getum farið inni þetta sumar án allra Covid takmarkanna og farið að njóta boltans aftur eins og fyrir heimsfaraldur. Takk fyrir.

Gunnar Már Gunnarsson  
Formaður knd. Grindavíkur

### Skýrsla unglingaráðs knattspyrnudeildar UMFG 2021

- Aðalfundur 24.02.2022 -

Við skoðum þetta fordæmalaus ári sem 2020 var á heimsvísu. Með þessum orðum hóf ég lestur síðustu skýrslu minnar. Heilu ári síðar er því miður vel við hæfi að byrja á þeirri sömu setningu aftur.

Við skoðum þetta fordæmalaus ári sem 2021 var á heimsvísu. Við gátum sem betur fer haldið úti knattspyrnuæfingum síðasta tímabilið ólíkt árinu áður.

Sumarið tók við með frekar leiðinlegu veðri en við gátum tekið þátt í öllum stærstu mótum sem í boði voru fyrir drengi og stúlkur, ásamt mótum KSÍ. Það voru þó stundum settar fjöldatakmörkanir á foreldra, en allt gekk þetta þó upp. Í heildina voru þetta fjölmargir leikir sem spilaðir voru yfir sumartímann.

3. flokkur kvenna komst því miður ekki til Spánar til þess að taka þátt í Costa blanca cup eins og gert hafði verið ráð fyrir. Það eru alltaf ákveðin vonbrigði, þegar búið er að stefna að þessari ferð í lengri tíma ásamt því að búið er að fjárafla fyrir allri ferðinni.

Knattspyrnskóli sumarsins var á sínum stað í sumar líkt og undanfarin sumur. Janko og Cober sáu um skólann þetta sumarið við góðar undirtektir.

Um mitt sumar fengum við Gunnar Guðmundsson íþróttfræðing og yfirþjálfara hjá Fjölni til þess að hitta iðkendur 5. flokks karla. Það vantaði svolítið upp á samstöðu í flokknum og fannst okkur alveg tilvalið að fá Gunnar til okkar sem kom með frábærar myndlíkingar á glærum og mátti bókstaflega heyra saumnál detta, slíkur var áhuginn hjá strákunum að fylgjast með. Við vorum virkilega ánægð með heimsókn Gunnars sem er hokin af reynslu af svona fyrirlestrum. Alfreð þjálfari m. fl karla kom einnig til þessa sama flokks nú stuttu fyrir jól og ræddi við drengina. Allt þetta skilar okkur betri liðsheild, sem þurfti á að halda hjá þessum flottu drengjum.

Um miðjan september héldum við lokahóf fyrir 3. og 4. fl kk og kvk. Við hittumst í Gjánni og buðum við upp á popp og drykk. Þjálfarar veittu verðlaun eins og tíðkast hefur. Foreldraráð hjá 5. og 6. flokki drengja og stúlkna sáu svo um að allir enduðu sitt tímabil með einhverri léttri og skemmtilegri uppákomu. Var sá háttur hafður á vegna covid.

Um miðjan október fengu Anton Ingi og Milos atvinnumann okkar Grindvíkinga, Daníel leó Grétarsson sem spilaði þá með Blackpool á æfingu til sín. En daginn áður höfðu þeir farið með þessa sömu stráka í 3. og 4. fl kk á landsleik Íslands og Liechtenstein á laugardalsvöll. Virkilega gaman að því að fara með hópinn saman og fylgjast með okkar manni spila landsleik.

Við erum gríðarlega heppin með starfsfólk, þetta er ungt og metnaðarfullt fólk sem hefur áhuga á að bæta við menntun sína.

Í haust urðu breytingar á þjálfurum hjá okkur. Guðný Eva Birgisdóttir, Gylfi Öfjörð og Benóný Þórhallsson létu af störfum hjá okkur, en Benóný lét einnig af störfum sem yfirþjálfari. Þökkum við þeim fyrir þeirra góða framlag. Kristín Heiða Ingvadóttir og Alfreð Elías Jóhannsson komu ný inn í þjálfun yngriflokka og Milos Jugovic kom til okkar aftur eftir stutt frí og einnig hann Jón Óli Daníelsson, en hann kom aftur eftir talsvert lengra frí frá þjálfun yngriflokka okkar. Þjóðum við allt þetta fólk hjartanlega velkomið til okkar.

Við erum gríðarlega heppin með starfsfólk, þetta er ungt og metnaðarfullt fólk sem hefur áhuga á að bæta við menntun sína.

## Skýrsla stjórnar (frh.)

---

En þjálfarar okkar í dag eru þá þessir:

Nihad Cober, Anton Ingi Rúnarsson, Milos Jugovic, Pálmar Guðmundsson, Margrét Rut Reynisdóttir, Steinberg Reynisson, Kristín Heiða Ingvadóttir, Aníta Rún Helgadóttir, Alfreð Elías Jóhannsson og Jón Óli Danielsson ásamt mörgum ungum en afar áhugasömum aðstoðarmönnum. Ég held að ég geti sagt að framtíðin sé björt hjá okkur í þjálfaramálum. Jón Óli og Halla Togga fóru einmitt á fund með Eysteini skólastjóra og Petu sem sjá um valgreinar á unglिंगastigi. Jón Óli og Halla komu með þá hugmynd að setja aðstoðarþjálfun inn í valgreinar skólans. Skólastjórinn tók mjög vel í þessa hugmynd og ætla þau að setja þetta inn strax svo þetta verði klárt þegar krakkarnir fara að velja sér fyrir næsta námsár. Við erum virkilega ánægð með að hafa komið þessu inn í skólann.

Í september var síðan tekið nokkurra daga frí, en það tímabil er gjarnan nefnt flokkaskipti. Strax eftir ráðningu þjálfara, fór starfið af stað á ný.

Jóhann Axel Pétursson lét af störfum í unglिंगaráði og þökkum við honum fyrir hans framlag. Í hans stað kom Þorfinnur Gunnlaugsson. Þjóðum Þorfinn velkominn til okkar.

Í unglिंगaráði í dag eru þau Helgi Þór Guðmundsson, Sigurpáll Jóhannsson, Guðmundur Gréтар Karlsson, Þorfinnur Gunnlaugsson, Ásta Björg Einarsdóttir, Halla Þórðardóttir ásamt undirritaðri.

En það málefni sem brennur helst á okkur í unglिंगaráði er ennþá það sama og ég nefndi í skýrslu minni árið 2018, 2019 og 2020. Það er æfingaaðstaðan okkar. Við sitjum því miður ekki við sama borð og önnur lið hvað það varðar.

Það er bara ansi erfitt að eiga ekki heimavöll frá hausti og fram á vor. Þann 4. desember s.l. pirraði ég mig á þessu aðstöðuleysi inni á minni persónulegu fésbókarsíðu. Víti menn, upphófst mikil og heit umræða í kjölfarið. Sú umræða hélt manni alveg við efnið allt laugardagskvöldið. En umræðan er komin af stað og af hinu góða, það er jú ansi stutt í kostningar. Ég set líklega stórt X við þann flokk sem heitir okkur betri aðstöðu.

Unglिंगaráð vill að lokum þakka stjórn, framkvæmda - og vallarstjóra, þjálfurum og foreldrum fyrir gott samstarf. En eins og alltaf, þá eru þetta lang stærstu póstarnir í því að okkar barna og unglिंगastarf gangi upp.

Með einlægri ósk um að næsta knattspyrnutímabil verði okkur gjöfult og allt verði betra með hækkandi sól.

F.H. Unglिंगaráðs,  
Ragnheiður Þóra Ólafsdóttir.



## Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrartekjur</b>	6		
Framlög og styrkir .....		115.356.540	104.918.429
Tekjur af mótum .....		4.561.106	2.245.568
Auglýsingatekjur .....		2.350.000	2.500.000
Aðrar tekjur .....		12.288.104	12.682.698
Reiknuð afnot íþróttamannvirkja .....		42.792.000	41.430.000
Rekstrartekjur		<u>177.347.750</u>	<u>163.776.695</u>
<b>Rekstrargjöld</b>	7		
Reiknuð afnot mannvirkja .....		42.792.000	41.430.000
Yfirstjórn .....		6.755.147	9.209.372
Þjálfun og kennsla .....		47.741.042	38.226.620
Íþróttaleg viðskipti .....		74.188.382	48.533.220
Rekstur mannvirkja .....		3.980.283	3.329.863
Afskriftir leikmanna og fastafjármuna .....		568.169	276.762
Rekstrargjöld		<u>176.025.023</u>	<u>141.005.837</u>
<b>Hagnaður ársins fyrir fjármagnsliði</b>		<u>1.322.727</u>	<u>22.770.858</u>
<b>Fjármagnsliðir</b>			
Vaxtatekjur .....		6.020	4.657
Vaxtagjöld .....		(1.328)	(10.964)
Fjármagnstejkur/(-gjöld)		<u>4.692</u>	<u>(6.307)</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>1.327.419</u>	<u>22.764.551</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr	2021	2020
<b>Fastafjármunir</b>	4		
<b>Óefnislegar eignir:</b>			
Verðgildi leikmanna .....		4.300.000	4.200.000
Óefnislegar eignir alls		<u>4.300.000</u>	<u>4.200.000</u>
<b>Fastafjármunir:</b>	3		
Bifreiðar .....		954.098	480.000
Áhöld og tæki .....		610.014	677.794
Búningar .....		100.259	125.324
Fastafjármunir alls		<u>1.664.371</u>	<u>1.283.118</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		7.361.988	3.832.061
Aðrar skammtímakröfur .....		0	54.413
Handbært fé .....	2	10.662.464	12.952.607
		<u>18.024.452</u>	<u>16.839.081</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>23.988.823</u>	<u>22.322.199</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>Skýr</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>
<b>Eigið fé</b>	5		
Endurmatsreikningur leikmanna .....		2.366.000	2.266.000
Óráðstafað eigið fé .....		20.234.752	18.907.333
		<u>22.600.752</u>	<u>21.173.333</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.388.071	1.148.866
Skammtímaskuldir		<u>1.388.071</u>	<u>1.148.866</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>1.388.071</u>	<u>1.148.866</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>23.988.823</u></u>	<u><u>22.322.199</u></u>

## Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Afkoma ársins .....		1.327.419	22.764.551
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		568.169	276.762
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>		<u>1.895.588</u>	<u>23.041.313</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		(3.475.514)	297.420
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		239.205	(10.811.764)
		<u>(3.236.309)</u>	<u>(10.514.344)</u>
<b>Handbært fé (til) frá rekstri</b>		<u>(1.340.721)</u>	<u>12.526.969</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptar Bifreiðar .....		(949.422)	0
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		<u>(949.422)</u>	<u>0</u>
<b>Breyting á handbæru fé</b>		(2.290.143)	12.526.969
Handbært fé í byrjun tímabils .....	5	<u>12.952.607</u>	<u>425.638</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>10.662.464</u>	<u>12.952.607</u>

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Knattspyrnudeildar UMFG fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga (lög nr. 144/1994) og settar reikningsskilareglur KSÍ. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti .

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Reiknuð afnot íþróttamannvirkja

Tekjufært er kr. 42.792.000.- vegna afnota sinna af íþróttamannvirkjum Grindavíkurbæjar. Sama fjárhæð er færð til gjalda.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna leikmannasamninga, viðskiptasamninga, einkaleyfa og hugbúnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að fráregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## Skýringar

### 2. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

### 3. Fastafjármunir

	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Búningar	Samtals
Kostnaðarverð 1.1. ....	6.451.110	750.000	1.368.768	8.569.878
Keypt á árinu		949.422		949.422
Selt / aflagt .....		(370.000)		(370.000)
Kostnaðarverð 31.12	6.451.110	1.329.422	1.368.768	9.149.300
Uppsafnaðar afskriftir 1.1. ....	5.773.316	270.000	1.243.444	7.286.760
Afskrift ársins	67.779	475.324	25.065	568.169
Fært út vegna sölu .....		(370.000)		(370.000)
Afskrift samtals .....	5.841.096	375.324	1.268.509	7.484.929
Bókfært verð .....	610.014	954.098	100.259	1.664.371
Afskriftarhlutföll	10%	20%	20%	

### 4. Aðrar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir samstanda af mati á leikmönnum og kaupum á leikmönnum. Matsverð leikmanna er fært í samræmi við matsreglur KSÍ. Leikmenn sem hafa verið keyptir til félagsins eru færðir til eignar á kaupverði sem afskrifast hlutfallslega á samningstímanum. Afskrift kaupverðs er fært til gjalda í rekstrarreikningi en annað endurmat leikmanna er fært á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Bókfært verð í ársbyrjun.....	4.200.000
Endurmat leikmanna.....	100.000
<b>Bókfært verð í árslok.....</b>	<b>4.300.000</b>

### 5. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Endurmats- reikningur	Samtals
Staða 1.1 .....	18.907.333	2.266.000	21.173.333
Endurmatsreikningur leikmanna ....		100.000	100.000
Afkoma ársins .....	1.327.419		1.327.419
Staða 31.12 .....	20.234.752	2.366.000	22.600.752

## Sundurliðanir

6. Rekstrartekjur	2021	2020
Rekstrartekjur greinast þannig:		
<b>Framlög og styrkir</b>		
Tekjur af lottó .....	1.907.497	1.754.230
Tekjur af getraunum .....	3.819.194	4.014.552
KSÍ - Framlög .....	4.455.553	13.106.969
Framlög og styrkir .....	74.649.508	61.440.619
Bæjarfélag - rekstrarstyrkur .....	6.000.000	6.000.000
Æfinga- og afreksstyrkir Grindavíkurbær .....	24.524.788	18.602.059
	<u>115.356.540</u>	<u>104.918.429</u>
<b>Þjónustusamningur</b>		
Húsaleigustyrkir v. íþróttamannvirkja .....	42.792.000	41.430.000
	<u>42.792.000</u>	<u>41.430.000</u>
<b>Tekjur af mótum</b>		
Tekjur af aðgangseyri .....	2.334.523	948.946
Tekjur af veitingasölu .....	2.026.583	676.622
Sala árskorta .....	200.000	620.000
	<u>4.561.106</u>	<u>2.245.568</u>
<b>Auglýsingatekjur</b>		
Auglýsingar af spjöldum .....	2.350.000	2.500.000
	<u>2.350.000</u>	<u>2.500.000</u>
<b>Aðrar tekjur</b>		
Æfingagjöld .....	8.115.407	6.014.732
Aðrar tekjur .....	2.482.695	2.700.000
Knattspyrnskóli - þátttökugjöld .....	132.594	0
Skilyrtar tekjur og samstöðubætur vegna áframsölu leikmanna .....	157.408	3.967.966
Leiga leikmanna .....	1.400.000	0
	<u>12.288.104</u>	<u>12.682.698</u>

## Sundurliðanir

7. Rekstrargjöld	2021	2020
Rekstrargjöld greinast þannig:		
<b>Reiknuð afnot mannvirkja</b>		
Rekstur fjölnotahúss og stúku .....	42.792.000	41.430.000
	<u>42.792.000</u>	<u>41.430.000</u>
<b>Yfirstjórn</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	0	377.359
Prentun og ritföng .....	415.000	6.711
Símakostnaður .....	321.995	180.081
Burðargjöld ofl. (-vsk) .....	84.830	17.404
Viðurkenningar, verðlaun ofl. ....	122.340	66.250
Tryggingar .....	897.157	1.062.601
Sala veitinga og skemmtanir .....	1.004.130	503.831
Bókhaldskostnaður .....	680.204	1.222.802
Annar kostnaður .....	2.976.464	5.165.060
Þjónustugjöld banka .....	80.668	58.622
Áhöld og tæki .....	172.359	548.651
	<u>6.755.147</u>	<u>9.209.372</u>
<b>Þjálfunarkostnaður</b>		
Þjálfun m.fl. ....	19.431.132	17.881.284
Þjálfun yngri flokka .....	28.309.910	20.345.336
	<u>47.741.042</u>	<u>38.226.620</u>
<b>Íþróttaleg viðskipti</b>		
Leikmannakostnaður - laun og launatengd gjöld .....	31.881.574	23.001.919
Annar leikmannakostnaður .....	19.329.019	12.974.978
Búningar og íþróttatæki .....	3.953.437	1.617.790
Dómgæsla .....	87.000	128.500
Þátttökugjöld .....	155.000	261.100
Kostnaður vegna auglýsingaöflunar .....	1.013.400	0
Sjúkrakostnaður - sj. Þjálfari .....	2.350.022	1.227.582
Ferðakostnaður m.fl. - 2. fl. ....	11.019.935	7.158.461
Ferðakostnaður yngri flokka .....	2.925.886	1.352.013
Afnot íþróttasvæða .....	245.000	225.877
Leiga leikmanna .....	400.000	385.000
Tap af sölu fastafjármuna .....	0	0
Félagaskiptagjöld og umboðslaun .....	828.109	200.000
	<u>74.188.382</u>	<u>48.533.220</u>
<b>Rekstur mannvirkja og áhalda</b>		
Rekstur og viðhald mannvirkja .....	1.480.283	1.070.928
Laun, launatengd gjöld, afgreiðsla, húsvarsla og ræsting .....	2.500.000	2.258.935
	<u>3.980.283</u>	<u>3.329.863</u>



## Leikmannaskrá

Leikmaður		Fæðingarár	Samningur		Stofnkostnaður	Kaupverð í upphafi	Afskriftir í upphafi	Fjárfestingar á árinu	Stuðull í upphafi	Stuðull nýrra leikmanna	Breyting stuðuls	Stuðull í lok tímabils	Afskriftir tímabilsins í ársreikningi	Samtals afskriftir	Bókfært verð leikmanna ársreikningi	Söluhagnaður / (-sölutap) í ársreikningi
Leikmaður		Fæðingarár	Upphaf	Lok	(kaupverð og endurmat)	að frádrægnum stuðli 1/1	tímabils	Kaupverð (-Söluverð)	Stuðull í upphafi	Stuðull nýrra leikmanna	Breyting stuðuls	Stuðull í lok tímabils	Afskriftir tímabilsins í ársreikningi	Samtals afskriftir	Bókfært verð leikmanna ársreikningi	Söluhagnaður / (-sölutap) í ársreikningi
Adam Frank Grétarsson	2000	27.04.2017	31.12.2019		100.000	0	0		100.000	(100.000)	0	0	0	0	0	0
Alexander V. Þórarinnsson	1988	22.12.2017	31.12.2020		100.000	0	0		100.000	(100.000)	0	0	0	0	0	0
Andri Daði Rüríksson	2005	29.12.2021	16.10.2023		0	0	0			100.000	100.000	0	0	0	100.000	0
Arnór Breki Atlason	1999	09.01.2018	16.10.2020		100.000	0	0		100.000	(100.000)	0	0	0	0	0	0
Aron Dagur Birnison	1999	04.11.2020	16.10.2022		300.000	0	0		300.000		300.000	0	0	0	300.000	0
Aron Jóhannsson	1994	03.12.2020	16.10.2022		300.000	0	0		300.000	(200.000)	100.000	0	0	0	100.000	0
Árni Magni Davíðsson	2001	11.12.2018	16.10.2021		100.000	0	0		100.000	(100.000)	0	0	0	0	0	0
Baldur Olsen	2000	14.05.2020	16.10.2022		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Birkir Snær Sigurðsson	2000	07.02.2019	16.10.2020		100.000	0	0		100.000	(100.000)	0	0	0	0	0	0
Dagur Ingi Hammer	2000	26.10.2020	16.10.2022		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Daniel A. Pálsson	1999	09.01.2019	16.10.2020		100.000	0	0		100.000	(100.000)	0	0	0	0	0	0
Dion Acoff	1991	23.03.2021	16.10.2021		0	0	0		0	100.000	100.000	0	0	0	100.000	0
Dusan Lukic	2001	11.12.2018	16.10.2020		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Freyr Jónsson	2001	27.10.2020	16.10.2022		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Gunnar Þorsteinsson	1994	20.01.2018	16.10.2020		700.000	400.000	400.000		300.000	(300.000)	0	0	400.000	0	0	0
Gabriel Dan Robinson	1995	30.07.2021	16.10.2021		0	0	0			100.000	100.000	0	0	0	100.000	0
Guðmundur Fannar Jónsson	2003	29.12.2021	16.10.2024		0	0	0			100.000	100.000	0	0	0	100.000	0
Guðmundur Magnússon	1991	06.11.2019	16.10.2021		300.000	0	0		300.000	(300.000)	0	0	0	0	0	0
Helgi Leó Leifsson	2004				0	0	0			100.000	100.000	0	0	0	100.000	0
Hilmar Andrew McShane	1999	18.11.2020	16.10.2022		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Hlynur Kári Steinarsson	2002	09.01.2018	16.10.2021		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Hörður Káráson	2004				0	0	0			100.000	100.000	0	0	0	100.000	0
Josip Zeba	1990	09.10.2019	16.10.2022		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Jósef Kristinn Jósefsson	1989	15.07.2021	16.10.2021		0	0	0			300.000	300.000	0	0	0	300.000	0
Luka Sapina	2002	29.12.2021	16.10.2024		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Maciej Majewski	1989	26.11.2021	16.10.2022		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Marinó Axel Helgason	1997	05.11.2020	16.10.2022		300.000	0	0		300.000		300.000	0	0	0	300.000	0
Mirza Hasecic	1997	07.01.2021	16.10.2022		0	0	0			100.000	100.000	0	0	0	100.000	0
Nemanja Latinovic	1995	13.11.2020	16.10.2022		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Óliver Berg Sigurðsson	2001	26.10.2020	16.10.2022		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Pálmar Sveinsson					100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Sigurður Bjartur Hallsson	1999	05.12.2020	31.12.2021		100.000	0	0		100.000	100.000	200.000	0	0	0	200.000	0
Sigurjón Rúnarsson	2000	10.11.2020	16.10.2022		100.000	0	0		100.000	100.000	200.000	0	0	0	200.000	0
Simon Logi Thasapong	2001	26.10.2020	16.10.2022		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Sindri Björnsson	1995	04.02.2020	16.10.2021		300.000	0	0		300.000		300.000	0	0	0	300.000	0
Tiago Fernandes	1995	05.12.2020	16.10.2021		0	0	0			100.000	100.000	0	0	0	100.000	0
Víktor Guðberg Hauksson	2000	27.10.2020	16.10.2022		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Vladan Djogatovic	1984	26.10.2019	16.10.2021		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
Walid Abdeali	1992	25.04.2021	16.10.2021		0	0	0		0	100.000	100.000	0	0	0	100.000	0
Þróstur Mikael Jónsson	1999	02.02.2021	16.10.2022		0	0	0		0	100.000	100.000	0	0	0	100.000	0
Ævar Andri Á Öfjörð	1999	02.12.2020	16.10.2022		100.000	0	0		100.000		100.000	0	0	0	100.000	0
					4.600.000	400.000	400.000	0	0	4.200.000	1.300.000	(1.200.000)	4.300.000	0	400.000	4.300.000

Staðfest að viðlögðum drengskap af hálfu leyfisumsekjanda, að upplýsingar í töflu þessari eru réttar og ekkert undanskilið.

24. feb.22  
F.h. leyfisumsekjanda

Endurskoðandi